



Félag eldri Hornfirðinga kt. 660190-1209 Ekran v/Víkurbraut – 780 Höfn Hornafirði

Heilbrigðisráðherra Íslands
Svandís Svavarsdóttir
Velferðarráðuneytinu
Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík

Bæjarskrifstofur Hornafjarðar

Númer: 20803093 Mótt: 28.3

Skjalag: 00.1 Dags: 28.3

Afgr: Siguuñ

Bæjarstjórn Hornafjarðar
hr. bæjarstjóri Björn Ingi Jónsson
Hafnarbraut 27, 780 Höfn Hornafirði

Fjölmenntur aðalfundur Félags eldri Hornfirðinga, haldinn í Ekrunni 24. mars 2018, samþykkti samhljóða eftirfarandi ályktun varðandi húsnæðismál hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs og stöðu eldri borgara á ævikvöldi. Formanni félagsins var falið að koma ályktuninni á famfæri við heilbrigðisráðherra Íslands og bæjarstjórn Hornafjarðar.

Aðdragandi ályktunarinnar er m.a. sá að nú eru liðin þrjú ár frá því að þáverandi heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson, var hér á ferð að skoða aðstæður í hjúkrunarheimilinu Skjólgarði. Þær aðstæður hafa ekkert breyst síðan. Nú hyllir undir að eitthvað sé að gerast í málinu og vilja eldri Hornfirðingar að stjórnvöld ríkis og bæjar geri allt sem í þeirra valdi stendur til þess að hafist verði handa sem allra fyrst við hönnun og aðrar framkvæmdir.

Ályktun aðalfundar Félags eldri Hornfirðinga haldinn í Ekrunni á Höfn 24. mars 2018.

„Aðalfundurinn skorar á Bæjarstjórn Hornafjarðar og hæstvitan heilbrigðisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur, yfirmann heilbrigðismála á Íslandi, að beita sér fyrir því, að sem allra fyrst verði hafist handa við hönnun og framkvæmdir viðbyggingar við núverandi hjúkrunarheimili Skjólgarð við Víkurbraut á Höfn Hornafirði.

Í dag þurfa vistmenn, nær undantekningarlaust, að deila þröngum herbergjum með öðrum. Er þetta algjörlega úr takti við það sem krafist er í dag varðandi mannsæmandi aðbúnað og um leið veruleg skerðing á mannréttindum sem taka til persónufrælsis, friðhelgi einkalífs og verndun fjölskyldulífs. Auk þess að byggja við þarf því að endurhanna og laga að kröfum dagsins í dag þá byggingu sem nú hýsir hjúkrunarheimilið við Víkurbraut. Þetta ætti að vera löngu gert.

Þar sem eldri þegnum þjóðfélagsins fjölga stöðugt er tími úrbóta þegar upp runninn og samfélagsleg skylda að skapa öldruðum öryggi í heilsuvernd og í annarri öldrunar- og félagslegri þjónustu sem getur veitt þeim enn betra ævikvöld.“

Ályktunin undirstrikaðar væntingar og vilja Félags eldri Hornfirðinga um að framkvæmdir við hjúkrunarheimið Skjólgarð Höfn í Hornafirði geti hafist tafarlaust.

Höfn Hornafirði 27. mars 2018.

Virðingarfyllst.

Fh. félagsins.

Haukur Helgi Þorvaldsson, formaður FEH